

Alþingi
Erindi nr. P 141/128
komudagur 15.10.2012



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8 - 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 15. október

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lækningatæki, nr. 16/2001, með síðari breytingum (gjaldtaka, skráning o.fl.).

Með frumvarpinu er lagt til að innflytjendur og framleiðendur lækningatækja skuli skrá tæki, sem undir lögina munu falla, hjá Lyfjastofnun og að eftirlitsskyld tæki skuli bera eftirlitsgjald sem innheimt er í tolli við innflutning og af ríkisskattstjóra af innlendri framleiðslu. Gert er ráð fyrir að unnt verði að fá undanþágur fyrir vörur sem ekki teljast lækningatæki en falla undir gjaldskyld tollskrárnúmer.

Í athugasemdum fjármálaráðuneytisins kemur fram að reiknað er með að gjaldið skili 42 mkr. á ári en því mun ætlað að standa undir kostnaði við markaðseftirlit Lyfjastofnunar með lækningatækjum. Undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í 7. gr. frumvarpsins falla meðal annars plástrar, sjúkrakassar, tannþráður og tannkrem, smokkar, hjólastólar, glervörur fyrir rannsóknastofur, barnableiur og dömubindi.

Samtök atvinnulífsins leggja gegn samþykkt frumvarpsins og benda í því sambandi á að ekkert er í frumvarpinu fjallað um kostnað sem stafar af innheimtunni bæði hjá þeim sem gjaldið greiða né hjá innheimtuadilum. Einnig fylgir kostnaður og umstang fyrir þá sem flytja inn vörur sem ekki teljast lækningatæki en falla undir tollskrárnúmer frumvarpsins. Tekið er undir ábendingu fjármálaráðuneytisins um að gjaldið muni hafa áhrif á smásöluverð lækningatækja og æskilegt væri að fyrir lögju upplýsingar um hve stór hluti gjaldsins mun endanlega verða greitt af opinberum aðilum.

Í greinargerð er tekið fram að frumvarpið hafi verið sent SA til umsagnar og að athugasemdir hafi ekki borist. Erindið finnst hins vegar ekki í skjalasafni SA.

Samtökin draga ekki í efa gildi markaðseftirlits en nauðsynlegt er að það sé skipulagt með tilliti til þeirrar áhættu sem viðkomandi tæki fylgir í stað þess að kostnaður leggjist flatt á tiltekin tollskrárnúmer. Því er lagt til að markaðseftirlitið verði fjármagnað með almennum skatttekjum á fjárlögum.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri.